

108. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 7. desember 2005 kl. 17:15 í kaffistofu skólans. Mætt voru Elísabet L. Björginsdóttir, formaður, Margrét Ásgeirsdóttir, Steinunn Helgadóttir, varamaður Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri og Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri.

1. Skýrsla skólastjóra.

Jóhanna Guðmundsdóttir skýrði frá fyrirhuguðum jólatónleikum, það verða haldnir fimm jólatónfundir, aðaltónleikarnir verða fimmtudaginn 15. desember nk. Jóhanna sagði frá heimsóknum sem kennarar og nemendur fara í fyrirtæki nú á aðventunni til fjáröflunar fyrir hljóðfærakaupasjóð eða lúðrasveit. Fékk hljóðfærakaupasjóðurinn kr. 200.000 frá VÍS.

Rætt var um breytt fyrirkomulag í blásaradeild til eflingar lúðrasveita. Breytingin felst í að meiri tíma verði eytt í samspil en minni í einkakennslu. Skólanefnd tók jákvætt í þessar hugmyndir en tóku fram að foreldrum yrði gerð grein fyrir breytingum af þessu tagi.

Rætt meira um lúðrasveitina og framtíð hennar og Jóhanna sagði frá “Draumi Martins” í því sambandi. Rætt um fjármögnun lúðrasveitar og leiðir til fjáröflunar. Jóhanna lagði fram fréttabréf sem nemendum var afhent nú í byrjun desember. Jólafri hefst eftir síðustu tónleika 15. desember.

Skólastjóri var í sambandi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga varðandi mat á tónlistarnámi til eininga, einnig rætt um samning milli FSN og Tónlistarskóla Stykkishólms en fordæmi eru fyrir slíkum samningum.

2. Fjárhagsáætlun.

Erla lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs. Framúrkeyrsla er í launakostnaði sem skýrist af kjarasamningum. Ýmsar umræður um fjárhagsáætlunina. Erla skýrði frá að hún væri unnin skv. rauntölum þessa árs að teknu tilliti til venjulegra verðlags- og launabreytinga.

Ekki er gert ráð fyrir fleiri stöðugildum við skólann. 23 eru á biðlista.

3. Prófagjöld.

Elísabet las upp tillögu þar sem lagt er til að Tónlistarskólinn beri kostnað vegna nemenda yngri en 20 ára. 20 ára og eldri beri sjálfir kostnað vegna prófagjalda.

Skólanefnd samþykkir tillöguna.

4. Önnur mál.

Rætt var um leigu á hljóðfærum og fyrirspurn kom frá Steinunni varðandi fyrirkomulag á því.

Rætt meira um mat á tónlistarnámi til eininga í framhaldsskóla.

Fundi slitið kl. 19:00.

Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).

Steinunn Helgadóttir (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).